

Selfossi, 2. mars 2021

Efni : Bjarg íbúðafélag – stofnframlag, fjölgun um 2 íbúðir

Á árinu 2020 fékk Bjarg íbúðafélag úthlutað stofnframlagi frá sveitarfélaginu upp á 89.104.042 kr. vegna byggingu á 26 íbúðum við Heiðarstekk 1 og 3 á Selfossi. Stofnframlagið skiptist þannig :

• Gatnagerðargjöld	62.084.637 kr.
• Byggingaleyfisgjöld	10.926.616 kr.
• Stofngjald hitaveitu	2.119.124 kr.
• Stofngjald vatnsveitu	759.534 kr.
• Stofngjald fráveitu	690.380 kr.
• Greitt með peningum	12.523.751 kr.
Samtals	89.104.042 kr.

Bjarg óskar nú eftir stofnframlagi fyrir 2 íbúðir til viðbótar og samtals verða íbúðir við Heiðarstekk 1 og 3 því 28 talsins. Viðbótarstofnframlag vegna þessarar tveggja íbúða er 10.629.116 kr.

Engar breytingar verða á gjöldunum hér að ofan við þessa fjölgun íbúða. Verði þetta samþykkt hækkar því liðurinn greitt með peningum og verður samtals 23.152.867 kr. Mismunur þessi er að venju greiddur í lok framkvæmda.

Virðingarfyllt
Ingibjörg Garðarsdóttir
fjármálastjóri